



### 6. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn miðvikudaginn 23. sept. á skrifstofu félagsins að Varmál kl. 18.15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Ólafur Thoroddsen (ÓTh) og Geirarður Long (GL), Einar Grétarsson (EG), Anna Sigurðardóttir (AS) og Eymundur Sigurðsson (ES).

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Óli Valur Steindórsson formaður knattspyrnudeildar mætti á stjórnarfund á meðan liður 1 var ræddur en vék svo af fundi.

---

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Formaður knattspyrnudeildar kynnti stöðu mála varðandi fjölnotahús.

##### Styrktarsamningur við knattspyrnudeild

Óli Valur formaður knattspyrnudeildar kynnti samningsdrög að styrktarsamningi sem knattspyrnudeild hefur að hans sögn samþykkt á stjórnarfund deildarinnar. Aðalstjórn sér ekkert því til fyrirstöðu að knattspyrnudeild geri slíkan styrktarsamning en ítrekar fyrri samþykktir sínar þess efnis að félagið eigi ekki að skuldbinda á neinn hátt er tengist byggingu fjölnota íþróttahúss.

##### Fjölnota íþróttahús

Stjórn Aftureldingar samþykkir að leggja fram viljayfirlýsingu varðandi byggingu fjölnota íþróttahúss þar sem fram kemur að stjórnin hefur ekkert á móti því að um einkaframkvæmd verði að ræða. DK tekur að sér að setja slíka yfirlýsingu á blað til samþykktar fyrir aðalstjórn.

#### 2. Samvinna þjálfara og starfsfólks íþróttahúss.

DK kynnir hugmyndir að sameiginlegum fundi þjálfara deilda félagsins og fulltrúa starfsfólks íþróttahússins til að bæta og auðvelda samskipti t.d. á milli iðkenda inni í klefum, á göngum og á meðan og á meðan beðið er eftir æfingum. DK tekur að sér að undirbúa slíkan fund í samstarfi við fulltrúa fulltrúa íþróttahússins og taka málið upp á formannafundi 30. september næstkomandi.

#### Önnur mál:

- Framkvæmdastjóri upplýsti að sex mánaða uppgjör félagsins liggi nú fyrir og hefur verið sent út til gjaldkera deila.

Fundi slitið 20:00

Eymundur Sigurðsson  
(sign.)